



257. fundur

Bæjarstjórn Stykkishólmsbæjar hélt fund fimmtudaginn 20. maí 2010 kl. 16:00 í fundarsal bæjarstjórnar í Ráðhúsinu.

Mætt voru: Gretar D. Pálsson, forseti bæjarstjórnar GDP
Elísabet Lára Björgvinsdóttir, ELB
Ólafur Guðmundsson, ÓG
Erla Friðriksdóttir, bæjarstjóri, EF
Lárus Á. Hannesson, LÁH
Berglind Axelsdóttir, BA
Davíð Sveinsson, DS
Þór Örn Jónsson, bæjarritari

Forseti bæjarstjórnar setti fund og stýrði.

1. Fundargerðir bæjarráðs.
 - 1.1. Fundargerð bæjarráðs nr. 461, dags. 12.05.2010.
Fundargerð framlögð.

Liður 1 fundargerð skipulags- og byggingarnefndar dags. 03.05.2010.

Fundargerð framlögð.

Liður 1 Sundabakki 10A, endurnýjun á svölum.

Ásgeir Gunnar Jónsson sækir um að endurbyggja og breyta svölum að Sundabakka 10, sbr. teikn. dags 25.04.2010.

Erindi samþykkt.

Ásgeir Gunnar sat hjá undir lið 1.

Afgreiðsla nefndarinnar samþykkt.

Afgreiðsla bæjarráðs samþykkt.

Liður 3 Silfurgata 43, niðurrif á sólstofu og klæða hús.

Páll V. Þorbergsson og Steinunn I. Magnúsdóttir sækja um leyfi um niðurrif á sólstofu og byggja í hennar stað tréverönd. Einnig sækja þau um að klæða húsið með liggjandi bárujárnsklæðningu með viðarbútum í innfellingum sbr. bréf dags. apríl 2010.

Erindi samþykkt.

Afgreiðsla nefndarinnar samþykkt.

Afgreiðsla bæjarráðs samþykkt.

Liður 4 Uppsetning á skilti um verndun Breiðafjarðar.



Kolbrún Reynisdóttir sækir um f.h. Breiðafjarðanefndar að staðsetja skilti við ferjuhöfnina í Stykkishólmi sbr. bréf og útlitsteikningar dags 19.03.2010. Erindi var vísað af bæjarstjórn til skipulag- og bygginganefndar til umsagnar. Nefndin leggur til að skilti verði staðsett austan við tröppur og kannað verði möguleiki á að minnka það. Ásgeir Gunnar sat hjá undir lið 4.

Afgreiðsla nefndarinnar samþykkt.

Afgreiðsla bæjarráðs samþykkt.

Til máls tóku: BA,LÁH og GDP

Liður 5 Umferðarhraði við Silfurgötu.

Lagt fram bréf frá Jóni Einari Jónssyni dags. 08.04.2010 vegna umferðahraða við Silfurgötu.

Nefndin beinir því til lögreglu að aukið verði eftirlit með hraðakstri um Silfurgötu.

Afgreiðsla nefndarinnar samþykkt.

Afgreiðsla bæjarráðs samþykkt. Bæjarstjórn beinir því til lögreglu að aukið verði eftirlit með hraðakstri um Silfurgötu.

Til máls tóku: ÓG,DS og GDP

Liður 6 b og c Smiðjustígur 3 Sæferðir, frágangur á lóð og skilti.

Pétur Ágústsson sækir um f.h. Sæferða ehf. a) að steypa bílastæðaplan og helluleggja gangstétt, b) að reka veitingasölu í byggingunni, c) staðsetja ný viðbótarskilti á viðbyggingu hússins sbr. bréf og tillöguteikning dags. 30.04.2010.

Afgreiðsla nefndarinnar er gerð með fyrirvara um samþykki meðeigenda hússins.

Nefndin leggur til a) að bílastæði verði 45°, eða samsíða götu til að ekki verði bakkað út í aðalbraut. Sjá lið 2.b í fundargerð 128. Liður b) erindi samþykkt um veitingasölu að uppfylltum skilyrðum byggingarreglugerðar. C) Uppsetning á skiltum er vísað til afgreiðslu skipulags- og byggingafulltrúa.

Afgreiðsla nefndarinnar samþykkt. Lárus sat hjá vegna tengsla.

Afgreiðsla bæjarráðs samþykkt. Lárus sat hjá vegna tengsla.

Liður 7 Nestún 7a, afnot af landi meðfram lóðarmörkum.

Þröstur Gunnlaugsson og Helga Guðmundsdóttir Nestúni 7A óska eftir afnot af



50 cm bæjarlandi við göngustíg í eigu bæjarins til að gróðursetja runna, sbr. afstöðumynd og bréf dags. 03.05.2010.
Nefndin samþykkir að heimila að land sé tekið í fóstur án réttinda.

Afgreiðsla nefndarinnar samþykkt.

Afgreiðsla bæjarráðs samþykkt.

Liður 9 Aðalgata 24a, uppsetning á skilti.
Samtök félagshyggjufólks L-listinn hefur fengið tímabundið leyfi til að staðsetja skilti á kvenfélagshúsið við Aðalgötu 24a.

Afgreiðsla nefndarinnar samþykkt. Bréf með leyfi húseigenda liggur fyrir.

Afgreiðsla bæjarráðs samþykkt. Minnihluti sat hjá.

Fundargerð samþykkt.

Liður 2 fundargerð umhverfisnefndar, dags. 27.04.2010 (28. fundur).

Fundargerð framlögð og samþykkt. Samþykkt að senda fyrirspurn um umfang varps máva í Landey til Háskólaseturs Snæfellsness.

Afgreiðsla bæjarráðs samþykkt.

Til máls tóku:LÁH og GDP

Liður 7 fundargerð skipulags- og byggingarnefndar dags. 10.05.2010.

Fundargerð framlögð.

Liður 1 Borgarbraut 4, viðbygging við Grunnskóla Stykkishólms.
F.h. Stykkishólmsbæjar er sótt um byggingarleyfi á viðbyggingu áfanga 1, við Grunnskólann í Stykkishólmi samkvæmt teikningum frá Arkitektastofu OG, dags. 20.04. 2010 og 3.05.2010, Stærðir: 818,6 m².
Erindi samþykkt að uppfylltum skilyrðum.

Afgreiðsla nefndarinnar samþykkt.

Afgreiðsla bæjarráðs samþykkt.

Bæjarráð samþykkir að bjóða út byggingu á 1. áfanga stækkunar grunnskóla og tónlistarskóla Stykkishólms. Einnig er samþykkt að frávikstilboð eru heimiluð þar sem núverandi húsnæði Tónlistarskólans við Skólastíg er tekið upp í sem hluti greiðslu.

Lárus sat hjá, þar sem þessi tillaga var ekki í fundargögnum.



Afgreiðsla bæjarráðs samþykkt samhljóða.

Til máls tóku:LÁH,DS og GDP

Tillaga um undirbúning sölu grunnskólans við Skólastíg.

Undirrituð leggja til að settur verði saman vinnuhópur sem skoða á og koma með tillögur um hvort og þá hvernig á að skilyrða notkunarmöguleika skólahússins við skólastíg. Einnig skoði hópurinn byggingarmöguleika á svæðinu og komi með tillögu um nýtingu svæðisins.

Vinnuhópurinn skipi þrír aðilar þ.e. bæjarstjóri, einn tilnefndur af D-lista og einn af L-lista.

Tillaga hópsins liggi fyrir áður en tekin verður ákvörðun um hvort hefja á framkvæmdir við byggingu tónlistarskóla og stækkun grunnskóla.

Greinargerð:

Við teljum rétt að þessi vinna fari af stað þannig að einhver rammi liggi fyrir um nýtingu byggingarinnar og lóðarinnar. Það mun auðvelda mat á frávíkstilboðum sem kunna að berast í byggingu tónlistarskóla og stækkun grunnskóla ef verktaki er tilbúinn að taka skólann við Skólastíg sem hluta af greiðslu. Ef halda á alveg opnu hvernig nýta má bygginguna og lóðina þá teljum við réttast að auglýsa hana til sölu á almennum markaði.

Lárus Ástmar Hannesson
Berglind Axelsdóttir
Davíð Sveinsson

Tillaga felld með fjórum atkvæðum gegn þremur.

Til máls tóku:LÁH,DS og GDP

Bókun vegna tillögu um undirbúning sölu grunnskólans við Skólastíg.

Ofangreind tillaga felur í sér beiðni um deiliskipulagsvinnu á lóð skólans við Skólastíg. Ekki verður séð að nýting húsnæðis og lóðar að Skólastíg 11 hafi neitt með ákvörðun um byggingu tónlistarskóla og stækkunar grunnskóla að gera. Unnið hefur verið að undirbúningi og að hefja þær framkvæmdir sbr. samhljóða bókun bæjarstjórnar frá fundi bæjarstjórnar nr. 252 þann 17. desember 2009 við afgreiðslu fjárhagsáætlunar 2010. Tillaga um heimild til frávíkstilboða þar sem bjóðendum gefst möguleiki á að taka húsnæði skólans við Skólastíg sem hluta greiðslu, er á engan hátt bindandi fyrir Stykkishólmsbæ en gæti verið hagkvæm leið til fjármögnunar á hluta nýbyggingar. Bein sala á húsnæðinu kemur einnig vel til greina.

Undirrituð telja framangreint ekki forsendur fyrir ákvörðun, í ljósi niðurstaðna útboðs, um framkvæmdir við byggingu 1. áfanga tónlistarskóla og stækkunar



grunnskóla, heldur beri að skoða þessa möguleika í ferlinu.

Gretar D. Pálsson
Elísabet Lára Björgvinsdóttir
Ólafur Guðmundsson
Erla Friðriksdóttir

Tillaga um könnun á sölu á hlut Stykkishólmsbæjar í Lánasjóði sveitarfélaga.

Undirrituð leggja til að bæjarstjóra verði falið að kanna hvort hlutur Stykkishólmsbæjar í Lánasjóði sveitarfélaga sem er 1,85% af sjóðnum, sé seljanlegur og á hvaða verði. Niðurstöður könnunarinnar liggi fyrir áður en tekin er ákvörðun um hvort hefja á framkvæmdir við mögulega byggingu tónlistarskóla og stækkun grunnskóla.

Greinargerð: Við teljum rétt að hefja könnun á fjármögnunarmöguleikum á tónlistarskólabyggingu og stækkun grunnskóla þannig að upplýsingar um það liggi fyrir áður en tekin er ákvörðun um hvort hefja á framkvæmdir.

Lárus Ástmar Hannesson
Berglind Axelsdóttir
Davíð Sveinsson

Tillaga felld með fjórum atkvæðum gegn þremur.

Til máls tóku:LÁH og GDP

Bókun vegna tillögu um könnun á sölu á hlut Stykkishólmsbæjar í Lánasjóði sveitarfélaga.

Það hefur verið til umræðu meðal bæjarfulltrúa sú hugmynd bæjarritara að kannað verði hvort mögulegt og ráðlegt sé að selja hluta af eignahluta Stykkishólmsbæjar í lánasjóði sveitarfélaga. Eðlilegt er að kanna það og þá hvaða sveitarfélög væru tilbúin til að kaupa hlut af Stykkishólmsbæ. Möguleg sala á þessari eign eða hluta hennar er ekki forsenda fyrir byggingu 1. áfanga tónlistarskóla og stækkunar grunnskóla. Unnið hefur verið að undirbúningi og að hefja þær framkvæmdir sbr. samhljóða bókun bæjarstjórnar frá fundi bæjarstjórnar nr. 252 þann 17. desember 2009 við afgreiðslu fjárhagsáætlunar 2010 þar sem segir m.a. „Við fjárhagsáætlanagerðina var einnig lögð áhersla á mikilvægi þess að bæjarfélagið standi fyrir framkvæmdum á þessum tímum enda er fjárhagsleg geta til þess hjá Stykkishólmsbæ. Með tilliti til þessa er áætlað að hefja byggingu við nýtt húsnæði fyrir tónlistarskólann við Grunnskólann í Stykkishólmi“. Og með samþykki á lántöku sbr. 253 fund bæjarstjórnar þann 28. janúar 2010. Skípuð var bygginganefnd á fundi bæjarstjórnar nr. 247 þann 25. júní 2009 og



erindisbréf bygginganefndarinnar samþykkt á fundi bæjarstjórnar nr. 248 þann 25. ágúst 2009. Nefndin hefur unnið að gerð teikninga og undirbúningi útboðs í samræmi við samþykktir. Stefnt hefur verið að útboði í maí/júní 2010 og bygginganefnd hefur lagt fram tímaplan sem gerir ráð fyrir að hægt verði að taka 1. áfanga í notkun um áramót 2011/2012.

Vakin er athygli á að um almennt útboð er að ræða og því heimilt að taka hvaða tilboði sem er eða hafna öllum skv. 13. gr. laga um framkvæmd útboða **1993 nr. 65**. Niðurstaða tilboða ræður að lokum hvort og þá hvenær farið verður í framkvæmdir.

Undirrituð telja að hugmynd bæjarritara um mögulega sölu á eignahluta Stykkishólmsbæjar í Lánasjóði sveitarfélaga ekki vera forsendu fyrir ákvörðun, í ljósi niðurstaðna útboðs, um framkvæmdir við byggingu 1. áfanga tónlistarskóla og stækkunar grunnskóla, en kanna beri möguleikana.

Gretar D. Pálsson
Elísabet Lára Björgvinsdóttir
Ólafur Guðmundsson
Erla Friðriksdóttir

Önnur mál:

Liður 2.a Stöðuleyfi á pylsuvagni.

Róbert Árni Jörgensen sækir um f.h. Ergosspa kt. 490807 0710 sækir um endurnýjun á stöðuleyfi á pylsuvagninum sem stendur við Kvenfélagsgarðinn og einnig er sótt um leyfi til að staðsetja hann við gömlu kirkjuna í sérstökum tilfellum.

Erindi samþykkt.

Afgreiðsla nefndarinnar samþykkt.

Afgreiðsla bæjarráðs samþykkt.

Til máls tóku:LÁH,BA og GDP

Liður 2.b. Smiðjustígur 3, bílastæði.

Lagt fram bréf frá Pétri Ágústssyni vegna bílastæða á lóð.

Samþykkt að útfærsla á bílastæðum og gangbraut verði gerð í samráði við skipulags- og byggingarfulltrúa með fyrirvara á, að samþykki meðeigenda liggja fyrir áður en að framkvæmdir hefjast.

Afgreiðsla nefndarinnar samþykkt. Lárus sat hjá vegna tengsla.

Afgreiðsla bæjarráðs samþykkt. Lárus sat hjá vegna tengsla.

Fundargerð samþykkt.



Liður 8 fundargerð Tónlistarskóla dags. 20.04.2010 (134. fundur).

Fundargerð framlögð. **Liður 2** samþykkt að hækka gjaldskrá Tónlistarskóla um u.þ.b. 8,5% og gildir hún fyrir skólaárið 2010-2011.

Afgreiðsla bæjarráðs samþykkt.

Fundargerð samþykkt.

Liður 25 tillaga Byggingarfulltrúa á lagfæringu á stíg upp á Súgandisey.

Tillaga byggingarfulltrúa samþykkt.

Afgreiðsla bæjarráðs samþykkt.

Til máls tóku:LÁH,EF og GDP

Liður 26 Jafnréttisáætlun Stykkishólmsbæjar 2006-2010.

Samþykkt að boða jafnréttisnefnd til fundar fyrir næsta bæjarstjórnarfund.

Jafnréttisáætlun Stykkishólmsbæjar 2006-2010 samþykkt með áorðnum breytingum.

Til máls tóku:ELB,EF og GDP

Liður 27 bréf Írisar Huldar Sigurbjörnsdóttir dags. 7.4.2010 varðandi úrsögn úr kjörnefnd Stykkishólmsbæjar.

Samþykkt að Guðmundur Andrésón verði aðalmaður í kjörnefnd Stykkishólmsbæjar og Elísabet Lára Björgvinsdóttir verði varamaður. Elísabet Lára Björgvinsdóttir sat hjá.

Afgreiðsla bæjarráðs samþykkt. Elísabet Lára Björgvinsdóttir sat hjá.

Liður 28 Fjölskyldustefna Stykkishólms.

Fjölskyldustefna Stykkishólms samþykkt.

Afgreiðsla bæjarráðs samþykkt.

Liður 29 tölvupóstur FSN dags.06.05.2010. varðandi skólaakstur.

Samþykkt með fyrirvara um að önnur sveitarfélög sem standa að rekstri FSN greiði sinn hlut. Bæjarstjóra falið að leita eftir því að samningur verði gerður um skólaakstur milli sveitarfélagana sem standa að rekstri skólans og Fjölbrautaskóla Snæfellinga.

Afgreiðsla bæjarráðs samþykkt.

Til máls tóku:LÁH,EF,BA,DS og GDP



Liður 30 Unglingavinna og sumarstörf 2010 – launatafla.

Unglingavinna og sumarstörf 2010

Tímakaup unglunga (dagvinna)

	2008	2009	2010
16 ára	522	606	688 kr.
15 ára	426	494	561 kr.
14 ára	347	402	457 kr.

16 ára og eldri greiða félagsgjöld til Verkalýðsfélags Stykkishólms og greiða í Festa-
lífeyrissjóð mánuði eftir 16 ára afmæli.

Hækkun launa milli ára er 13,59%

Launahækkun samþykkt.

Afgreiðsla bæjarráðs samþykkt.

Liður 31 tilnefning í Þjóðhátíðarnefnd.

Tilnefning í þjóðhátíðarnefnd

Guðfinna Diego Arnórsdóttir, formaður
Gissur Arnarson
Gísli Sveinn Gretarsson
Hólmfríður Friðjónsdóttir
Baldur Ragnars Guðjónsson

Varamenn:

Símon B. Hjaltalín
Sunna Guðný Högnadóttir
Magda Kulinska
Sigríður Gísladóttir
Axel Sigurðsson

Tilnefningar samþykktar.

Liður 32 tölvupóstur Hvítasunnukirkjunnar ódags. varðandi styrkbeiðni vegna tónleikahalda.

Bæjarráð sér ekki fært að verða við styrkbeiðni.

Afgreiðsla bæjarráðs samþykkt.



Liður 33 tölvupóstur Hvítasunnukirkjunnar dags.26.04.2010 varðandi styrkbeiðni vegna opinberra gjalda.

Samþykkt að veita Hvítasunnukirkjunni í Stykkishólmi styrk sem nemur fasteignaskatti á Skúlagötu 6 samkomusalur fyrir árið 2010.

Afgreiðsla bæjarráðs samþykkt.

Til máls tóku:DS og GDP

Liður 34 skólastefna Stykkishólms.

Skólastefna Stykkishólms samþykkt. Bæjarstjórn þakkar stýrihópi, starfsfólki skólanna og öðrum þeim sem að mótun stefnunnar komu.

Afgreiðsla bæjarráðs samþykkt.

Liður 35 tillaga GDP að hvata styrkjum til hópíþrótta.

Stykkishólmsbær samþykkir að greiða íþróttafélögum í Stykkishólmi styrki fyrir eftirfarandi árangur í hópíþróttum:

1. Fyrir bikarmeistaratitil í yngri flokkum 50.000,- krónur.
2. Fyrir Íslandsmeistaratitil í yngri flokkum 100.000,- krónur.
3. Fyrir deildarmeistaratitil í efstu deild meistaraflokks kvenna 500.000, krónur.
4. Fyrir deildarmeistaratitil í efstu deild meistaraflokks karla 500.000, krónur.
5. Fyrir bikarmeistaratitil í efstu deild meistaraflokks kvenna 300.000,- krónur.
6. Fyrir Íslandsmeistaratitil í efstu deild meistaraflokks kvenna 700.000,- krónur.
7. Fyrir bikarmeistaratitil í efstu deild meistaraflokks karla 300.000,- krónur.
8. Fyrir Íslandsmeistaratitil í efstu deild meistaraflokks karla 700.000,- krónur.

Tillaga samþykkt.

Afgreiðsla bæjarráðs samþykkt.

Til máls tóku:DS og GDP

Bæjarráð samþykkir að bæjarstjóri og tólmstunda- og íþróttafulltrúi geri tillögu að reglum um hvatastyrki til annarra íþrótta, og reglur um styrki til afreksfólks.

Afgreiðsla bæjarráðs samþykkt.



Til máls tóku:LÁH,BA og GDP

Liður 36 bréf stofnunar Árna Magnússonar í íslenskum fræðum dags.07.05.2010. varðandi styrkbeiðni.

Bæjarráð sér sér ekki fært að verða við styrkbeiðni.

Afgreiðsla bæjarráðs samþykkt.

Liður 37 samningur við Byggðasafn Snæfellinga vegna ljósmyndasafns. Samningur framlagður og samþykktur.

Afgreiðsla bæjarráðs samþykkt.

Fundargerð samþykkt.

Til máls tóku:LÁH,DS og GDP

2. Fundargerðir nefnda.

2.1. Fundargerð skipulags- og byggingarnefndar, dags. 03.05.2010.

Fundargerð framlögð og samþykkt fyrr á fundinum.

2.2. Fundargerð umhverfisnefndar dags. 27.04.2010.

Fundargerð framlögð og samþykkt fyrr á fundinum.

2.3. Fundargerð þjónustuhóps aldraðra dags. 15.04.2010.

Fundargerð framlögð og samþykkt.

2.4. Fundargerðir jafnréttisnefndar dags. 28.01. og 02.03. 2010.

Fundargerðir framlagðar og samþykktar.

2.5. Fundargerð fræðslunefndar dag. 28.04.2010.

Fundargerð framlögð og samþykkt.

2.6. Fundargerð skipulags- og byggingarnefndar dags. 10.05.2010.

Fundargerð framlögð og samþykkt fyrr á fundinum.

2.7. Fundargerð tónlistaskólans dags. 20.04.2010.

Fundargerð framlögð og samþykkt fyrr á fundinum.

3. Ársreikningur Stykkishólmsbæjar fyrir árið 2009, seinni umræða.

Undirrituð fagna því að jákvæð framlögð er á ársreikningum Stykkishólmsbæjar fyrir 2009 en ljóst er að fara ber varlega í að auka skuldsetningu. Einnig teljum við að langtíma og skammtímakröfur á eigin fyrirtæki séu of háar og það beri að leiðrétta.

Lárus Ástmar Hannesson
Berglind Axelsdóttir
Davíð Sveinsson



Rekstrartekjur sveitarfélagsins á árinu námu 727,6 millj. kr. samkvæmt samanteknum ársreikningi fyrir A- bæjarsjóð og B- hluta stofnanir og fyrirtæki, en þar af námu rekstrartekjur A-hluta þ.e. bæjarsjóðs 676,2 millj. kr.

Rekstrargjöld A og B hluta námu 631,0 millj. kr. í reglubundnum rekstri .

Rekstrarniðurstaða var jákvæð um 70,9 millj. kr. Hjá A-hluta og 96,6 millj. kr. hjá samanlögðum A og B hluta.

Að teknu tilliti til afskrifta og fjármagnsliða voru rekstrargjöld samtals 827,6 millj. Þar af námu rekstrargjöld A-hluta bæjarsjóðs 719,9 millj. að meðtöldum hækkunum vegna lífeyrisskuldbindinga starfsfólks. Rekstrarniðurstaða bæjarsjóðs var neikvæð um 43,7 millj. samkvæmt ársreikningi en neikvæð um 100,0 millj. kr. í samanteknum ársreikningi A og B hluta. Eigið fé sveitarfélagsins í árslok 2009 nam 461,8 millj. kr. samkvæmt efnahagsreikningi, eftir að lífeyrisskuldbindingar höfðu verið dregnar frá , en þar af nam eigið fé bæjarsjóðs 777,9 millj. kr.

Handbært fé frá rekstri A og B hluta bæjarsjóðs er 74,0 millj.kr., ef ekki yrði farið í fjárfestingar og engin ný lán tekin, þá tæki það ekki nema 11,7 ár að greiða upp allar skuldir bæjarsjóðs Stykkishólmsbæjar.

Fjárfestingar voru 97,1 milljónir króna og vegur fjárfesting í gatnagerð og þjónustuhúsi á tjaldstæði þyngst, auk þess var fjárfest í uppbyggingu Eldfjallasafns.

Ársreikningur Stykkishólmsbæjar og undirfyrirtækja var síðan samþykktur samhljóða.

Bæjarfulltrúar árituðu síðan ársreikninginn.

Þakka ber bæjarfulltrúum fyrir störf á kjörtímabilinu, sérstaklega bæjarfulltrúum sem hverfa nú úr bæjarstjórn: Elísabet Lára Björgvinsdóttir, Ólafur Guðmundsson og Erla Friðriksdóttir.

Til máls tóku: GDP,LÁH og ELB

Fundi slitið kl. 17:40

Þór Örn Jónsson